

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. september 2022.**

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. september 2022.

Lagt fram bréf íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 25. febrúar 2022 um erindi íbúaráðsins, dags. 3. febrúar 2022, til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni, dags. 15. febrúar 2022 ásamt umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 23. ágúst 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun: Flokkur fólksins tekur undir erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 15. febrúar 2022 til skipulags- og samgönguráðs um umferðaröryggi í miðborginni. Í miðborginni er 30 km. hámarkshraði. Hópur ökumanna virðir ekki þennan hraða og skapar hættu. Grípa þarf til markvissra aðgerða til að sporna við hraðakstri á þessum götum sem nefndar eru í erindinu. Í þessu sambandi langar fulltrúa Flokks fólksins að nefna götu sem áður hefur komið til tals þegar talað er um umferðaröryggisaðgerðir og er það Laugarásvegurinn sem er sérstök fyrir þær sakir að hún er löng, breið og tengir saman hverfi. Nauðsynlegt er að skoða aðrar leiðir sem virka til að minnka hraðakstur á þessu götum. Setja sem dæmi upp fleiri hraðahindranir og laga þær sem fyrir eru og einnig að bæta við hraðahindrunum og hraðamyndavélum.

Það tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

Dagný Alma